



Samráðsgátt stjórnvalda,
Dómsmálaráðuneytið
Mál nr. 217/2023

Reykjavík, 20. nóvember 2023

Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um aðför og nauðungarsölu

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) hafa tekið til skoðunar drög að frumvarpi um breytingu á lögum um aðför og nauðungarsölu sem birt hafa verið í samráðsgátt stjórnvalda. Þegar á heildina er litið er ánægja með frumvarpsdrögin og telja SFF drögin fela í sér hugmyndir að tímabærri þróun á þessu réttarsviði.

Samtökin vilja benda ráðuneytinu á eftirfarandi atriði sem rétt að taka til nánari skoðunar.

Um 6. gr. g. (88. gr. g)

Ákvæðið mælir fyrir um að ákveði sýslumaður að bæði fyrsta fyrirtaka og byrjun uppboðs á starfsstöð sýslumanns falli niður, þá skuli hann boða til uppboðs á eigninni sjálfri sbr. 36. gr. innan árs frá dagsetningu boðaðrar fyrstu fyrirtöku. Að mati SFF er það ekki tækt að sjálfkrafa verði árs frestur frá boðaðri fyrstu fyrirtöku fram að lokasölu meti sýslumaður það svo að ekki sé ástæða til að láta fyrstu fyrirtöku og byrjun uppboðs fara fram. Eðlilegra væri að fyrirtökum verði frestað mánuð í senn, eins og framkvæmdin hefur verið hingað til.

SFF þakka að lokum fyrir tækifærið til að veita umsögn um frumvarpsdrögin og eru fulltrúar samtakanna reiðubúnir til frekara samtals um málið ef eftir því verður leitað.

Virðingarfyllst,

F.h. Samtaka fjármálafyrirtækja,

Jóna Björk Guðnadóttir, yfirlögfræðingur